


OECD *Multilingual Summaries* Economic Policy Reforms 2018 Going for Growth Interim Report

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/growth-2018-en](https://doi.org/10.1787/growth-2018-en)

Umbætur á efnahagsstefnu 2018 „Stefnt að vexti“ – áfangaskýrsla

Útdráttur á íslensku

Spáð er fjögurra prósentu hagvexti á heimsvísu á árinu 2018 og er sá vaxtarhraði ekki fjarri þeim sem var fyrir efnahagskreppuna miklu. Þessi öflugri hagvöxtur, sem hvílir á breiðum grunni, skapar hagstæð skilyrði til árangurs af framkvæmd efnahagslegra umbóta en slíkar umbætur eru nauðsynlegar til þess að breyta tímabundinni uppsveiflu í sterkan og langvarandi hagvöxt sem gagnast öllum.

Í þessari jákvæðu skammtímaþróun, sem enn hvílir á grunni fjárstuðnings og peningastefnu stjórnvalda, standa þó enn eftir ýmsar áskoranir til meðallangs og langs tíma fyrir stefnumótendum. Aukning framleiðni veldur enn vonbrigðum. Þrátt fyrir batann í atvinnumálum, sem lengi hefur látið á sér standa, hafa bætt launakjör ekki fylgt í kjölfarið og margir berskjaldaðir hópar standa enn frammi fyrir slæmum horfum á vinnumarkaði. Ójafnræði er viðvarandi og fer raunar vaxandi ef litið er til meðallangs tíma í mörgum löndum – sem er vísbending um að hlutar samfélagsins hafi ekki notið ábatans af hagvextinum í neinum tiltakanlegum mæli. Í ofanálag kunna meginstraumar á borð við stafrænu byltinguna, álag á umhverfið og lýðfræðileg þróun að fela í sér áhættu fyrir varanleika hagvaxtarins ef ekki er brugðist með réttum hætti við þeim viðfangsefnum sem af þeim leiða.

Í hagvaxtarskýrslu OECD, „Going for Growth“, eru lagðar fyrir stefnumótendum raunhæfar tillögur á sviðum sem talin hafa verið fimm meginforgangssvið sem einstök lönd þurfa að huga að til að bregðast við áskorunum til meðallangstíma í því skyni að kynda undir framleiðni og fjölga atvinnutækifærum og deila út ávinningnum meðal almennings á breiðum grunni. Valið á forgangssviðum byggir á sérfræðipækkingu innan OECD á sviði skiplagsumbóta og hagvaxtar sem nýtist öllum almenningi. Sviðin sem fjallað er um eru margvísleg og má þar meðal annars nefna vöru- og vinnumarkað, menntun og þjálfun, skattamál og tilfærslukerfi, viðskipti og fjárfestingar, lagaumhverfi og innviði, auk stefnumörkunar á sviði nýsköpunar. Tillögur um stefnumörkun á þessum sviðum eru þannig fram settar að þær mynda samhangandi langtímaáætlun um umbætur, sem skiptir sköpum ef ná á fram samlegðaráhrifum, fylgjast með fórnarkostnaði og tryggja að hagurinn sem af hlýst dreifist á sem flesta í tímans rás. Rammaáætlunin, sem kennd hefur verið við skýrsluheitid „Going for growth“, hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að aðstoða G20-löndin að ná árangri í skipulagsumbótum sínum, meðal annars með því að fylgjast með hagvaxtaráætlunum um að ná fram viðvarandi vexti með jafnvægi að leiðarljósi.

Í þessari áfangaskýrslu er farið yfir árangurinn sem náðst hefur í skiplagsumbótum að því er varðar þau forgangsmál sem bent var á í hagvaxtararskýrslunni fyrir 2017.

Aðgerðir sem gripið hefur verið til við stefnumótun á forgangssviðum

- Á árinu 2017 hefur hraði umbóta haldist svipaður þeim tiltölulega hæga hraða sem greina mátti á árunum tveimur þar á undan og hægari en hraðinn sem greina mátti í kjölfar kreppunnar.
- Engu að síður hefur verið gripið til nokkurra djarflegra ráðstafana og má segja að um þriðjungur þeirra aðgerða sem gripið var til árið 2017 teljist til „meiri hattar skrefa“. Meðal dæma sem skera sig

úr má nefna umbætur sem miða að því að styrkja félagslega vernd í Grikklandi og á Ítalíu, löngu tímabærar umbætur á vinnumarkaðinum í Frakklandi, eftirtektarvert áttak til þess að auka aðstöðu til barnaumönnunar í Japan og alhliða skattkerfisumbætur í Argentínu, sem koma munu til framkvæmda í áföngum á næstu fimm árum.

- Almennt hefur verið nokkur munur á því eftir málaflokkum hversu einarðlega hefur verið unnið að umbótum. Að því er varðar umbætur í þá átt að bæta aðstöðu fólks til að afla sér aukinnar færni og svigrúm til nýsköpunar hefur verið gripið til víðtækra ráðstafana sem miða að því að auka bæði umfang og skilvirkni stuðnings við rannsóknir og þróun.
- Flestar aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að stuðla að virkni í atvinnustarfsemi og dreifingu þekkingar hafa miðað að því að styrkja bæði áþreifanlega og lagalega innviði, auk þess að stuðla að því að eftirlit með vörumörkuðum verði „samkeppnisvænni“.
- Til umtalsverðra aðgerða hefur verið gripið á sviði félagslegra bóta, sem skiptir miklu máli fyrir samheldni samfélaga. Til þess að hjálpa launþegum enn frekar að takast á við þær öru breytingar sem hugsanlega geta orðið á störfum og verkefnum þarf frekari umbætur, svo sem að skerpa á stefnumiðum um vinnumarkaðinn og húsnæðismarkaðinn til þess að greiða fyrir auknum hreyfanleika á vinnumarkaðinum og aðlögun að breyttum störfum.

Sérstakir kaflar – endurskoðun hagvísu til þess að bæta greiningar í hagvaxtarskýrslunni

Í þessari útgáfu „Going for Growth“ er að finna tvo sérstaka kafla þar sem lýst er hagvísu sem miða að því að stækka grunninn sem greiningar í hagvaxtarskýrslunni hvíla á, þ.e. hagvísu um grænan hagvöxt og hagvísu OECD um greiðsluþotaferli.

Tengslin milli grænna umsvifa og hagvaxtar: það sem vísarnir leiða í ljós

Getan til þess að viðhalda batnandi landsframleiðslu og velsæld, eins og mælst er til í skýrslunni, veltur meðal annars á getunni til þess að draga úr neikvæðum áhrifum (svo sem mengun) sem tengist atvinnustarfsemi, lágmarka umhverfisáhrifum og draga úr vægi nýtingar (takmarkaðra) náttúruauðlinda í efnahagskerfinu. Af því leiðir að í hagvaxtarskýrslunni er mælt með skipulegri nálgun að áskorunum sem tengjast umhverfinu. En tengslin milli umhverfisins, umhverfisstefnu og hagvaxtar eru hins vegar flókin. Um þau mál er fjallað í 2. kafla, þar sem farið er yfir þá hagvísu sem tiltækir eru og þann árangur sem náðst hefur nýlega í mælingum á árangri af aðgerðum og stefnumótun í umhverfismálum. Þótt ekki liggi fyrir neinn sérstakur mælikvarði á umhverfisárangur sem almenn sátt er um, hefur engu að síður náðst verulegur árangur í mælingum á grænum hagvexti með hagvísu OECD um grænan hagvöxt (e. OECD Green Growth Indicators), þar sem grunnur er lagður að aukinni samkvæmni í umfjöllun um grænan hagvöxt í hagvaxtarskýrslunni.

Að greiða fyrir skipulegri útgöngu: hagvísar OECD um greiðsluþotaferli veita nýja innsýn

Óskilvirk greiðsluþotakerfi leiða af sér þrenns konar veikleika í framleiðni vinnuafis: svonefnd „draugafyrirtæki“ (e. zombie firms), sem í raun ættu að fara af markaðnum, lifa áfram, fjármagni er ráðstafað með óhagkvæmum hætti, þ.e. fjármunir sitja fastir þar sem framleiðni er léleg, og dreifing tækniþekkingar tefst. Í þriðja kafla eru kynntir til sögunnar nýir hagvísar OECD um greiðsluþotakerfi, sem gefa möguleika á því að útvíkka og fínstillta tillögur um úrbætur sem settar eru fram um leiðir til þess að greiða fyrir útgöngu óhagkvæmra fyrirtækja úr hagkerfinu. Í greiningunni kemur fram að verulegur munur er milli landa á því hversu vel þeim tekst að stuðla að skipulegri útgöngu atvinnufyrirtækja sem ekki eru lífvænleg og er það vísbending um að svigrúm sé í sumum löndum til þess að bæta hjá sér ráðstöfun fjármuna og framleiðni með því að gera bragarbót á gjaldþrotalögum sínum og slitameðferðarferlum.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2018), *Economic Policy Reforms 2018: Going for Growth Interim Report*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/growth-2018-en